

Olíudreifing ehf  
Hólmaslóð 8 - 10  
101 Reykjavík

Akureyri, 16.4.2024  
UST202403-344/G.S.Á.  
08.06.02

## **Efni: Ósk um breytingu á tíðni eftirlita með mengandi starfsemi - Olíudreifing ehf., Reyðarfirði og Ísafirði**

Vísað er í bréf rekstraraðila, dags. 21. mars 2024, er varðar ósk um minniháttar breytingu á starfsleyfum olíubirgðastöðva rekstraraðila á Reyðarfirði og Ísafirði. Í gr. 4.9 í starfsleyfum birgðastöðvanna kemur fram að eftirlit Umhverfisstofnunar skuli fela í sér árlega skoðun þar sem einkum eru skoðuð þau atriði starfseminnar sem valdið geta mengun vatns, andrúmslofts eða jarðvegs ásamt frágangi ytra umhverfis og meðferð úrgangs. Óskar rekstraraðili eftir því að starfsleyfum þessara olíubirgðastöðva verði breytt til samræmis við ákvæði 57. gr. rg. nr. 550/2018, þar sem eftirlitstíðni byggir nú á áhættumati stofnunarinnar.

Í gr. 4.3 í starfsleyfum rekstraraðila fyrir Reyðarfjörð og Ísafjörð kemur fram að velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur, s.s. ÍST EN ISO 14001:2004 eða umhverfismálakerfi ESB sbr. rg. nr. 990/2005, er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.6 í rg. nr. 786/1999 (brottfallin með rg. nr. 550/2018), að draga úr eftirliti og lækka þá eftirlitsgjald sem því nemur. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnareftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.

Rekstraraðili hefur gilda BSI vottun, ISO 14001:2015 til dags. 01.14.2026, fyrir allar sínar olíubirgðastöðvar og uppfyllir því ákvæði gr. 4.3 í starfsleyfinu um innra eftirlit. Rekstraraðili rekur einnig eigið innra eftirlit með rafrænu kerfi fyrir allar starfsstöðvar sínar og hefur Umhverfisstofnun ekki sett fram ábendingar eða frávik þar um, í eftirlitum frá því starfsleyfin voru gefin út árin 2011 og 2012.

**Umhverfisstofnun felst því á ósk rekstraraðila um að tíðni eftirlita í olíubirgðastöðvarnar á Reyðarfirði og Ísafirði sé áætlað skv. 57. gr. rg. nr. 550/2018, á grundvelli áhættumats og eftirlitsáætlana. Tímabilið á milli tveggja vettvangsheimsóknna mun því byggjast á kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu viðkomandi starfsemi.**

Virðingarfyllst

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
sviðsstjóri

Frigg Thorlacius  
lögfræðingur